

## Reglur um styrki til náms í leikskólakennarafræðum í Sveitarfélaginu Árborg

Reglur þessar gilda fyrir starfsfólk í leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar sem leggur stund á háskólanám í leikskólakennarafræðum að fengnu samþykki leikskólastjóra og faghóps innan Skólaþjónustu Árborgar um styrk.

Markmið með reglum þessum er að fjölga leikskólakennurum, efla starfsþróun leikskólakennara og auka stöðugleika í starfsmannahaldi í leikskólum Árborgar þannig að 2/3 hlutar starfsfólks séu leikskólakennarar, eins og áskilið er í lögum um leikskóla nr. 90/2008.

### 1. Grein. Styrkhæft nám

Reglur þessar gilda um styrk til eftirfarandi náms:

- Fagháskólanám í leikskólafræðum; 60 einingar
- Diplómanám í leikskólakennarafræðum; 120 einingar
- Leikskólakennarafræði B.Ed.; 180 einingar
- Leikskólakennarafræði M.Ed./MT; 120 einingar
- Menntunarfræði leikskóla M.Ed./MT; 120 einingar
- Leikskólakennarar og háskólamenntað starfsfólk sem vill bæta við sig einingum á háskólastigi sem nýtist í leikskólastarfi

### 2. Grein. Umsóknir

Umsækjandi þarf að eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg, hafa unnið í leikskólum Árborgar í það minnsta í eitt ár og að vera í að lágmarki 75% starfshlutfalli. Faghópur innan skólaþjónustu Árborgar getur veitt undanþágu frá þessum skilyrðum að fengnum rökstuðning umsækjanda.

Umsókn um styrk skal berast leikskólastjóra á þar til gerðu eyðublaði um leið og sótt er um nám. Eyðublaðið er að finna á vefsíðu Árborgar. [Umsókn um nám.](#)

Umsókn skal innihalda upplýsingar um fyrirhugað nám, skipulag náms, námstíma og starfsferil umsækjanda.

Umsóknin er tekin fyrir og afgreidd af faghópi innan skólaþjónustu Árborgar fyrir 15. júní eða 15. nóvember.

Sveitarfélagið Árborg áskilur sér rétt til að hafna umsóknum um námsstyrki á þeim forsendum sem hér eru upp taldar:

- Starfsreynsla styttri en 1 ár
- Lögheimili utan Sveitarfélagsins Árborgar
- Starfshlutfall er lægra en 75%

### **Umsókn um styrk þarf að endurnýja árlega.**

#### **3. grein. Styrkur**

Þegar staðfest skólavist liggur fyrir skrifa leikskólastjóri og starfsmaður undir samning um námsstyrk. Jafnframt er leikskólastjóri upplýstur um skipulag námsins. **Samvinna leikskólastjóra og starfsmanns skal vera með þeim hætti að leikskólastarfið gangi fyrir skólasókn starfsmanns.**

Styrkur við starfsmann felur í sér:

- Starfsmenn í styrktu námi halda óskertum launum í allt að 32 daga á skólaárinu sem tekur mið af starfshlutfalli.
- Laun á námstímanum eru alltaf miðuð við starfshlutfall viðkomandi.
- Stuðningur við starfsmann getur aldrei orðið lengri en sem nemur 7 árum. Taki starfsmaður fæðingarorlof eða launalaust leyfi telst hann ekki vera starfandi í skilningi ákvæðis þessa, á meðan á leyfinu stendur fellur styrkurinn niður.
- **Þess skal getið að þeir dagar sem veittir eru til styrkst náms skulu eingöngu notaðir til að mæta í staðlotur/tímasókn, próf og/eða vettvangsnám.**
- **Ef mætingaskylda er undir þessum tiltekna dagafjölda þá falla umframdagar niður.**
- Ef skólasókn er meiri en sem nemur 32 dögum á skólaárinu er gert ráð fyrir að starfsmaður semji við leikskólastjóra um tilflutning vinnuskyldu, orlof og/eða launalaust leyfi til þess að stunda námið.
- Ekki er hægt að vera samtímis í námsleyfi samkvæmt kjarasamningi og á námssamningi við sveitarfélagið Árborg.

#### **4. grein. Skyldur starfsmanns við vinnustað**

- Falli tímar, vettvangsnám og/eða próf niður mætir starfsmaður til vinnu.
- Þegar kennslu á hverri önn er lokið mætir starfsmaður til vinnu.
- Vinnuskylda er á meðan á vettvangsnámi stendur. Starfsmaður sem stundar vettvangsnám mætir daglega á sína starfsstöð eftir að vettvangsnámi er lokið. Hægt er að gera samkomulag við leikskólastjórnendur um

fyrirkomulag þessa.

- Fjarvera vegna náms skerðir undirbúningstíma hlutfallslega miðað við starfshlutfall sem og ef viðvera vegna náms ber upp á fyrir fram ákveðinn undirbúningstíma starfsmannsins.
- Starfsmaður ber ábyrgð á að upplýsingum um námsfyrirkomulag og próftíma sé komið sem fyrst til leikskólastjóra.
- Haga skal annarri fjarveru þannig að ekki skerðist vinnutími meira en nauðsyn er.
- **Þess skal getið að þeir dagar sem veittir eru í launað leyfi skulu eingöngu notaðir til að mæta í staðlotur/tímasókn, próf og vettvangsnám. Ef mætingaskylda er undir þessum tiltekna dagafjölda þá falla umfram dagar niður.**
- Ef skólasókn er meiri en sem nemur 32 dögum á skólaárinu er gert ráð fyrir að starfsmaður semji við leikskólastjóra um tilflutning vinnuskyldu, orlof og/eða launalaust leyfi til þess að stunda námið.
- Mælst er til að starfsmaður sem fær námsstyrk starfi í leikskólum sveitarfélagsins í að minnsta kosti tvö ár að námi loknu.

**Ef sérstakar aðstæður koma upp í leikskólanum svo sem vegna faliðunar þá gengur starfsemi leikskólans fyrir skólasókn starfsmanns og leikskólastjóri getur krafði starfsmann um vinnuskyldu.**

#### 5. grein. Mótframlag sveitarfélagsins Árborgar.

- Sveitarfélagið gerir ráð fyrir launakostnaði vegna afleysinga sem koma til vegna fjarveru starfsmanns í námi í leikskólakennarafræðum við gerð fjárhagsáætlunar.
- Fjármagn vegna afleysinga samkvæmt reglum þessum er afgreitt til viðkomandi leikskóla um leið og námsleyfi er veitt.
- Fjöldi nema hverju sinni er ákvarðaður af faghópi innan Skólaþjónustu Árborgar í samvinnu við leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla.
- Leikskólastjóri getur hafnað styrkumsóknnum sjái hann ástæðu til vegna aðstæðna í leikskólanum.

Samþykkt í fræðslu- og frístundanevnd 27. nóvember 2024

Samþykkt í bæjarstjórn 4. desember 2024